



Gísli Frank Olgeirsson,
MA-nemi í félagsráðgjöf

Fyrstu skrefin í félagsráðgjöf *frá fræðum til fags – upplifun af MA-námi*

MA-nám í félagsráðgjöf sameinar fræðilega dýpt og verklega þjálfun þar sem nemendur þróa færni sína í raunverulegum aðstæðum.

Gísli Frank Olgeirsson er 29 ára gamall nemi í MA-námi til starfsréttinda í félagsráðgjöf við Háskóla Íslands. Hann býr á Selfossi ásamt konu sinni og ungri dóttur og starfar sem leiðbeinandi í hlutastarfi í Félagsmiðstöðinni Zelsíuz í Árborg og hefur jafnframt starfað sem verkefnastjóri og ráðgjafi hjá Velferðarþjónustu Árborgar og Elju virkniráðgjöf. Gísli Frank lauk BA-námi í félagsráðgjöf árið 2023 og tók þá tveggja ára pásu áður en hann sótti um í MA-nám. Á þessum tveimur árum öðlaðist hann reynslu af vinnu með unglingum og öðru fólki í faglegu umhverfi. Hér fjallar hann um reynslu sína af fyrri hluta MA-námsins.

FARSÆL ÁKVÖRDUN

„Áður en ég sótti um námið leitaði ég ráða hjá samstarfsfólki sem hafði þegar farið þessa leið. Lýsingarnar voru samhljóða; námið væri líflegt,

krefjandi og skemmtilegt. Sú mynd reyndist rétt. Það sem kom mér mest á óvart var hversu sterk áhersla er lögð á að tengja saman fræði og framkvæmd. Námið snýst ekki eingöngu um lestur heldur þjálfun í raunverulegum aðstæðum. Í náminu eru verklegar æfingar stór hluti af kennslunni, nemendur taka þátt í umræðum, vinna fjölskyldukort, æfa hópameðferð og þjálfa sig í viðtölum. Þetta skapar öruggt rými til að prófa sig áfram, fá endurgjöf og ígrunda eigin vinnubrögð.“

FAGLEG FÆRNI Í MÓTUN

„Ég hef þegar fundið hvernig námið nýtist í starfi, sérstaklega í samskiptum við ungmenni þar sem þarf að eiga krefjandi samtöl. Þessi reynsla hefur aukið skilning minn á mikilvægi fagmennsku, hlustunar og virðingar. Samspil fræða og reynslu er lykillinn að náminu. Með aukinni þjálfun verður auðveldara að takast á við flókin mál og styðja einstaklinga og fjölskyldur á markvissan hátt.“



Ég hef þegar fundið hvernig námið nýtist í starfi, sérstaklega í samskiptum við ungmenni þar sem þarf að eiga krefjandi samtöl

SAMANTEKT

„Reynsla mín af fyrri hluta mastersnámsins hefur verið bæði krefjandi og lærdómsrík.

Verkleg þjálfun er kjarni námsins, hún tengir saman fræði og fag og undirbýr nemendur fyrir ábyrgðarmikið starf.

Ég horfi því bjartsýnn til áframhaldandi náms og komandi áskorana.“

Viðtal: María Björk

Hlusta má á ítarlegri útgáfu viðtalsins við Gísli Frank í hlaðvarpi FÍ

